



A 1873/tillväxt

Afgreiðsla Norræna hagvaxtar- og þróunarnefndin

Nefndarálit Norrænu hagvaxtar- og þróunarnefndarinnar um

**Þingmannatillögu
um sjálfbæran námugróft og jarðefnavinnslu á Norðurlöndum****Tillaga**

Norræna hagvaxtar- og þróunarnefndin leggur til að

Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar

að hún geri grein fyrir hvernig rannsókninni „Towards Sustainability in Nordic Mining“ hefur verið fylgt eftir,

að hún geri grein fyrir framvindu vinnunnar að samnorrænum viðmiðum fyrir sjálfbæran námugróft og jarðefnavinnslu,

að hún geri grein fyrir hvort vænlegt geti talist að auka flutningsgetu járnbrautarinnar Malmbanan á kaflanum milli Kiruna og Narvíkur,

að hún geri grein fyrir og meti hvort tengingin frá Kiruna um Luleå og Finnland geti stuðlað að grænum umskiptum og aukinni flutningastarfsemi á norðurslóðum,

að hún geri grein fyrir með hvaða hætti réttindi frumbyggja eru tryggð í tengslum við jarðefnavinnslu á svæðum þar sem frumbyggjar eiga heimili sitt og störf.

Skýring

Tillagan var unnin á vegum flokkahóps miðjumanna og kynnt á fundi Norrænu hagvaxtar- og þróunarnefndarinnar 29. júní 2021. Í tillögunni óskar flokkahópur miðjumanna eftir upplýsingum um stöðu ýmissa verkefna á sviði sjálfbærrar náma- og jarðefnavinnslu sem ráðherranefndin hleypti af stokkunum á liðnum áratug í framhaldi af tilmælum Norðurlandaráðs.

Nefndin ræddi tillögu flokkahóps miðjumanna og lýsti áhyggjum af því að samkvæmt fyrirbyggjandi upplýsingum virtist sem öll verkefni sem tengjast sjálfbærri náma- og jarðefnavinnslu hefðu dregist mikið saman eða lagst af með öllu undanfarin ár.

Norræna hagvaxtar- og þróunarnefndin ákvað einnig að bæta við tillögu flokkahóps miðjumanna þeirri ósk LKAB að hugað yrði að því að auka flutningsgetu Malmbanan á kaflanum milli Kiruna og Narvíkur og metið hvort tengingin frá Kiruna um Luleå og



Finnland gæti stuðlað að grænum umskiptum og aukinni flutningastarfsemi á norðurslóðum.

Sú ósk kom einnig fram að vikið yrði að réttindum frumbyggja í tillögunni með vísan til þess að hún snýst um jarðefnavinnslu á svæðum þar sem frumbyggjar eiga heimili sitt og störf.

Sjónarmið nefndarinnar

Nefndin leggur til að Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar að hún geri grein fyrir hvernig rannsókninni [Towards Sustainability in Nordic Mining](#) hefur verið fylgt eftir, og jafnframt verði gerð grein fyrir framvindu vinnunnar að samnorrænum viðmiðum fyrir sjálfbæran námugróft og jarðefnavinnslu.

Að baki tillögunni liggur sú staðreynd að í námaiðnaði á sér stað um þessar mundir mikil endurnýjun og þróun til að gera fyrirtækjum í greininni kleift að takast á við úrlausnarefni framtíðarinnar, bæði á sviði sjálfbærni og alþjóðlegrar samkeppnishæfni. Þessa sér merki í stjórn málaumfjöllun um sjálfbærni á Norðurlöndum.

Í Finnlandi hefur til að mynda komið fram lagafrumvarp um þetta efni og í Noregi hafa átt sér stað umræður um losun úrgangss frá nýjum námum í hafið.

Á norrænum vettvangi lagði flokkahópur miðjumanna fram árið 2013 tillögu um viðmið fyrir sjálfbæran námurekstur á Norðurlöndum.

Efnahags- og viðskiptanefnd Norðurlandaráðs tók undir tillöguna og jók við hana því markmiði að gefin yrði út norræn yfirlýsing um viðmið fyrir sjálfbæra náma- og jarðefnavinnslu sem þjónað gæti sem grundvöllur milliríkjasamninga. Einnig var mælt til þess að í viðmiðunum yrði tekið tillit til náttúru- og vatnsverndarsjónarmiða, réttinda frumbyggja, heimamanna og atvinnulífs.

Tillagan var samþykkt árið 2014 sem tilmæli til ráðherranefndarinnar. Í svari ráðherranefndarinnar kemur fram að norrænu ráðherrarnir séu sammála hugmyndinni um sameiginleg norræn viðmið og hyggist fela fagnetinu NordMin að vinna rannsókn um sjálfbærni viðmiðin. Sú rannsókn var kynnt norrænu ráðherrunum árið 2016.

Árið 2016 var einnig kynnt rannsóknin [Towards Sustainability in Nordic Mining](#), en hún hafði að geyma ráðleggingar um stjórnarhætti fyrirtækja, sanngjarna rekstrarhætti, efnahagslega þætti, mannréttindi, samfélag og umhverfi.

Fagnetið NordMin var lagt niður árið 2017. Hagvaxtar- og þróunarnefnd Norðurlandaráðs hafa síðan ekki borist neinar upplýsingar frá ráðherranefndinni um frekara starf í tengslum við þetta eða hvernig rannsóknunum tveimur var fylgt eftir.



Norræna hagvaxtar- og þróunarnefndin ákvað að bæta við tillögu flokkahóps miðjumanna þeirri ósk LKAB að flutningsgeta járnbrautarinnar Malmbanan yrði aukin á kaflanum milli Kiruna og Narvíkur og metið hvort tengingin frá Kiruna um Luleå og Finnland gæti stuðlað að grænum umskiptum og aukinni flutningastarfsemi á norðurslóðum.

Sú ósk kom einnig fram að vikið yrði að réttindum frumbyggja í tillögunni með vísan til þess að hún snýst um jarðefnavinnslu á svæðum þar sem frumbyggjar eiga heimili sitt og störf.

Norðurlöndum, 7. september 2021

Ann-Sofie Alm (M)

Arman Teimouri (L)

Eveliina Heinäluoma (sd)

Joakim Strand (sv)

Lorena Delgado Varas (V)

Nils Aage Jegstad (H)

Orla Hav (S)

Pyry Niemi (S)

Ruth Mari Grung (A)

Solfrid Lerbrekk (SV)

Lulu Ranne (saf)

Stein Erik Lauvås (A)

Torhild Bransdal (KrF)